

GJALDSKRÁ

fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Gjaldskýlda.

Sveitarfélagið Árborg innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og II. kafla samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1403/2023.

2. gr.

Stofngjald fráveitu.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseiganda við fráveitukerfi sveitarfélagsins sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis skal vera sem hér segir:

Einbýlis-, par- og raðhús,	á hverja íbúð	656.025 kr.
Fjölbýlishús,	á hverja íbúð	327.429 kr.
Mannvirki, önnur en íbúðir	pr.m ² af heildarstærð húsnæðis	1.858 kr.
0,28% af gjaldi einbýlis-, par- og raðhúsa		

Gjöld skv. þessari grein miðast við byggingarvísitölu í nóvember 2023 (185,9) og uppfærast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

3. gr.

Fráveitugjald.

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,18% af fasteignamati viðkomandi fasteignar.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

4. gr.

Rotþróargjald.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 19. gr. samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	kr./ár	19.000
Rotþró > 6.001 lítra	kr./m ³	9.000

Fyrir hverja aukalosun rotþróa, allt að 6.000 lítrar að stærð, greiðast kr. 77.000

Fyrir hverja aukalosun rotþróa, 6.001 lítra eða stærri, skal greiða skv. reikningi losunaraðila.

5. gr.

Gjalddagar.

a) *Stofngjald fráveitu:* Gjald daga stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

b) *Fráveitugjald og rotþróargjald:* Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

6. gr.

Innheimta.

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1403/2023.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1655/2022.

Samþykkt í bæjarstjórn, 13. desember 2023.

Fjóla St. Kristinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 20. desember 2023